

Persónuleikanum úthýst

– Ívar Valgarðsson á Kjarvalsstöðum

Sýning Ívars Valgarðssonar, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum, hefur vakið talsverða athygli og gott ef ekki hneykslum margra. Ástæðan þykir liggja í augum uppi: Í salnum er harla fátt sem fólk almennt telur til fagurlista. Þar standa 32 tíu lítra óopnaðar


Myndlist

Ólafur Engilbertsson

málningarfötur frá Bykó á miðju gólfi, 6 krossviðarplötur með málningarlímbandi á jöðrum hanga á vegg, 40 hefluð furuborð og 44 gangstéttarhellur standa á gólfi og í anddyri eru tveir veggir gerðir úr MDF-plötum og einangrunarplastí. Hvergi sést svo mikið sem fingrafar eftir listamanninn sjálfan, enda ekki ætlunin ef marka má orð hans sjálfs í veglegri sýningarskrá. Menningar-málanefnd Reykjavíkurborgar kostar öll herlegheitin, svo er nema von að fólkí sárni yfirgangur listsérfræðinganna sem þykjast geta talið því trú um að allt sé list, bara ef það kemur inn fyrir dyr á húsi menningarinnar, Kjarvalsstöðum? Því er ekki úr vegi að skyggast ögn fyrir um forsendur þessara fögru lista sem fólk fær nú að njóta í fyrrnefndu húsi.

Naumhyggja gegn hjómi og braski

List, eða öllu heldur listnálgun, Ívars Valgarðssonar má hiklaust telja til svonefndrar naumhyggju, eða minimalisma. Markmið þeirrar stefnu hefur jafnan verið afdráttarlaus afneitun á persónulegri tjáningu listamannsins. Með því að skilja með öllu í sundur list sína og persónulegan stíl freistar listamaðurinn þess að gera listina að trúverðugum fulltrúa þess umhverfis sem hún gistir hverju sinni. Með því að girða fyrir persónu-



Séð yfir sýningarsalinn á Kjarvalsstöðum þar sem Ívar Valgarðsson sýnir.

lega túlkun sína girðir listamaðurinn einnig fyrir persónulega upplifun áhorfandans, en gerir hann þess í stað að þáttakanda í listrýminu. Samkvæmt fræðum naumhyggjumannna er það hin persónulega list sem dregur fólk á talar og gabbar það til innlifunar og fjárausturs. Hinar persónulegu og tjáningarríku listastefnur þessarar aldar eru samkvæmt þeim kokkabókum sjálfhverf naflaskoðun sem tekur enga beina afstöðu til umhverfisins og núsins. Naumhyggjan er þannig, sem skilgetið afkvæmi konseptisins, andsvar gegn hvorutveggja; listinni sem hjómi og sjónhverfingu og listinni sem markaðsvörú í söluhæfum umbúðum.

Gegnsæ efnisgerð í blindgötu

Í sýningarskrá segir Ívar Valgarðsson um verk sín: „Ég hafna varanlegri efnisgerð. Ekkert er varanlegt, ekki heldur viðhorf.“ Með þessum orðum segir hann afdráttarlaus að list sín sé andsvar við listinni sem fasteign, en jafnframt afhjúpar hann gegnsæi eigin hugmynda. Hvers vegna að kaupa málningu og timbur í tonnatali þegar hægt er að setja hugmyndina á mun einfaldari hátt á blað? Listamaðurinn er ekki beinlínis trúr hinni meinlætalegu stefnu sinni þegar hann gerir hvort tveggja að höfða til verðlagningarsjónarmiða áhorfandans með því að sýna verslunarvarning og að auglýsa

beinlínis tilteknar verslanir. Hafi ætlunin verið að túlka einangrun efnis frá umhverfi, eins og áður hefur átt sér stað í verkum Ívars, þá hefði legið betur við að leggja ögn meiri vinnu í undirbúning sýningarinnar. Og það hefði ekkert nauðsynlega þurft að tákna fleiri fingraför. Svo virðist sem Ívar Valgarðsson sé kominn í blindgötu með list sína. Héðan eru aðeins tvær leiðir færar; afturábak í meira nostur við útfærslu hlutanna eða að yfirgefa hlutveruleika hinar plastísku listar og láta hugmyndirnar standa fyrir sínu á prenti.

Seiðandi saga

Þetta er stutt skáldsaga og segir frá rússneskum útlaga nokkru eftir seinni heimsstyrjöld. Reyndar er hún áhrifamest fyrir það sem hún segir ekki, eða þá það sem sögumaður segir seint og síðarmeir, eins og nauðbeygður.

Við fylgjumst með lífi sögumanns á fáeinum mánuðum. Sagan greinist í þrjú mislanga hluta. Í fyrsta hluta býr hann í París, einmana og fátækur, kona hans dáið fyrir nokkrum árum. Nú vill hann flytjast burt, allt snýst um að fá fyrir fargjaldi til Ameríku. Aldrei kemur þó fram til hvers, hverju hann þykist bættari þar en í París. Í öðrum hluta er hann í New York og dreymir um að komast til Chicago. Og þar er hann svo í þriðja hluta, jafneinangraður og vegalaus og hann var í París.

Þessi efniviður hefur verið nærtækur fyrir höfundinn. Hún er sjálf rússneskur útlagi, bjó í París annan fjórðung aldarinnar en síðan í Bandaríkjunum. En sagan er samt sem áður fyrst og fremst mótuð af bókmenntahefðum. Í hverjum hinna þriggja hluta sögunnar er ein kona mest áberandi, allar eru þær landar sögumanns. Í fyrsta hluta er hann haldinn óþreyju sem jaðrar við órvæntingu. Í öðrum hluta ríkir fremur könnun; má stöðvast við þetta? Í þriðja hluta er uppjöf, sögumaður sættir sig við orðinn hlut. Þar eru sagnorð í nútíð í stað þáttar áður, þannig skynjum við að leitinni er lokið. Þegar af þessari upptalningu má sjá hve vítt sagan skírskotar, hún fjallar um lífið almennt.

Andblær fyrsta hluta markast af fyrstu staðarlýsingunni:

Veðlánastofa Parísarborgar er einhver viðbjóðslegasti staður sem ég þekki. Þar er sótt-hreinsunarfýla, veggirnir eru málaðir gráir, tvær bekkjaraðir.

Persónur

Ýmislegt fólk verður á vegi sögumanns í



Nina Berberova.

Bókmenntir

Örn Ólafsson

leit hans að undankomuleið í fyrsta hluta og þar persónur sem úrslitum ráða eru þá sérkennilegar í útliti og háttum. Inni í löngu myrku herbergi situr feitur og hreyfingarlaus maður yfir auðu póleruðu borði. En stúlka er andstæða hans; „öll eitthvað svo löng, eins og teygt hefði verið úr henni. [...] slétt hár stuttklippt, eyrun voru mjó, andlitð egglega“. Þetta sérkennilega útlit setur söguna í námunda við ævintýrin. En í öðrum

hluta, þegar umhverfi sögumanns er honum ekki eins ógeðfellt, verða persónur síður framandi. Sá hluti skiptist í tvo hluta, á milli feðgina. Framan af ber mest á öldruðum rússneskum útlaga, einmana og ósjálfbjarga. Sögumaður er allsherjar hjálparmaður hans, ritari, eldabuska og þjónn. En sú hugsun liggur nærri að þetta sé eins konar framtíðarmynd hans sjálfs. Það samræmist því að útliti gamla mannsins er lítið lýst. Þá birtist valkosturinn, kona sem býður honum samband. Fyrst þegar hún birtist segir bara um hana: „hálfertug eða svo, lágvaxin, svíphörð en fremur andlitsfrí“ (bls. 37) og hún sýnir mönnum tveimur orðlausu fyrirlitningu, fer síðan að hæðast að föður sínum. En hálfu ári síðar segir:

„Einhverra hluta vegna finnst mér að einmitt þá hafi hún byrjað að taka stakkaskiptum. Línur kinnbeina og höku myktast undarlega og í strangan svip hennar kom einhver blíða og sveigja, jafnvel birta og jafnvel dapurleiki. Grannar hendur hennar fengu allt í einu frelsi og ég sá fallega fingur hennar sem mig langaði til að þrýsta og flétta saman við mína og bera upp að andliti mínu. En ég hreyfði mig ekki.“ (bls. 47).

Smám saman fer að vekja mesta athygli sú persóna sem ekki er fjallað um beinlínis, þ.e. sögumaður sjálfur. Það stafar einkum af áhrifum hans á aðrar persónur. Hann hefur ekki lengi deilt herbergi með alvörufefnu, sjálfstæðu stúlkunni í fyrsta hluta þegar hún vill verða lífsförunautur hans. Sama gildir um konuna í öðrum hluta en þar er þetta stigi hærra, því hún umskapast úr skrípamynd í aðlaðandi konu við það að verða smám saman ástfangin af honum. Og það skilur sögumaður síst hvernig hann getur veitt öðrum það sem hann skortir sjálfan. Í skapgerð þessarar persónu liggur skýringin á lokakaflanum sem annars yrði óvæntur í sögu sem fylgir mynstrinu um leitina að

hamingjulandinu. Og þar skýrist mótsögnin í sambandi hans við þessar konur, sem hann laðast að en hafnar.

Hnitað

Sagan er þétrið net þar sem hvert atriði er á sínum stað, hnitmiðað að hlutverki sínu. Þannig er minningarbrott, sögumaður heyrði einu sinni herforingja tala um sársaukann sem hann fyndi enn í gömlum sárum. Það þarf ekki að segja okkur hvers vegna sögumaður minnst þessa í þriðja hluta sögunnar, svo augljóslega á þetta við hann sjálfan, konan sem hann missti er eins og afhöggvinn útlímur. Jafnvel lýsingar á fólkí sem kemur aldrei við sögu, biður bara með sögumanni á biðstofu, þær hafa sitt hlutverk. Einn mannanna líkist Nikulásí II. rússakeisara, annar líkist Lenín. Tvær konur sitja þarna á veðlánastofunni og fá ekkert fyrir sínar fátæklegu eigur. Allt er þetta virkt sem á einhvern hátt myndir úr lífi útlagans.

Meðal þess sem þjappar sögunni saman, hnitmiðar áhrif hennar, eru tákni. Það eru hlutir sem talað er um af meiri áherslu en hlutverk þeirra eitt sér réttlætir. Þar skal sérstaklega telja eyrnalokkana, sem sögumaður á eftir konu sína, þar sett gimsteinum en annar steinninn er með mein sem dulist hafði en gerir hann verðlausan. Greinilega á þetta við um sögumann eftir að hann missti konuna, enda segir hann það beinlínis. Þetta er seiðandi saga, þrungin eftirsjá og tómeika sem verður enn áhrifameiri fyrir það að vera ekki orðað beinlínis.

EKKI HEFI ÉG MÁLAKUNNÁTTU TIL AÐ DÆMA UM HVERSU NÁKVÆMLEGA ER ÞÝTT. EN Í ÞEIRRI MYND SEM SAGAN LIGGR FYRIR Á ISLENSKU ER MÁLIÐ Á HENNI EÐLILEG ISLENSKA, ÞRÓTTMIKIÐ OG BLÆRIGÐARÍKT TUNGUTAK.

Nina Berberova: Svarta meinið. Mál og menning 1991, 79 bls. Árni Bergmann þýddi.